

Alþingi
Erindi nr. P 137/454
komudagur 29.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
110 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2009

Efni: Umsögn BSRB um annars vegar tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 49. mál

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. BSRB hefur ekki tekið afstöðu til afskriftarleiðar þeirrar er tillagan mælir fyrir um. Hins vegar vilja samtökin benda á skýrslu Seðlabanka Íslands, „Fleiri niðurstöður starfshóps Seðlabanka Íslands um skuldir heimilanna“, dags. 27. mars 2009, þar sem skilgreint er hvaða áhrif afskriftaleið þessi hefði á heimilin. Samkvæmt skýrslunni er ljóst að flöt niðurfelling sem þessi hefur ólík áhrif á mismunandi hópa. BSRB setur ákveðna fyrirvara við að 20% afskriftaleiðin feli í sér jafnræði gagnvart heimilum landsins sem aðgerð af hálfu ríkisins í því tilliti að rétta stöðu íslenskra heimila vegna fjárhagslegra erfiðleika sem rekja má til efnahagsástandsins.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, which reads 'Helga Jónsdóttir'. The signature is written in a cursive, flowing style.

Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri